

Málning hf.  
Dalvegi 18  
201 Kópavogi

Reykjavík, 4. mars 2021  
UST202102-463/H.G.  
07.05.02

### **Tímabundin stöðvun markaðssetningar á Saltsýru (33%) og krafa um úrbætur**

Vísað er til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits sem fram fór þann 20.12.2020 í *Húsasmiðjunni, Dalshrauni 15* í kjölfar ábendingar. Í eftirlitsskýrslunni er greint frá umfangi og niðurstöðum eftirlitsins en líkt og þar kemur fram var um að ræða vöru sem er meðal annars notuð til að hreinsa yfirborð steypu fyrir málningu og inniheldur saltsýru. Varan sem féllu undir umfang eftirlits var skoðuð með tilliti til efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 415/2014 um um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama heitis (CLP). Markmið eftirlitsins var að skoða vöruna Saltsýra (33%) og athuga hvort hún uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Stofnunin annast jafnframt eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim sbr. XI. kafla laganna.

Eftirlitið leiddi í ljós að merkingum vörunnar sem um ræðir, Saltsýra (33%) var ábótavant, þar sem merkingar vörunnar eru ekki í samræmi við öryggisblað vörunnar og hættuflokkun sem er birt á heimasíðu Málningar hf. Út frá hættuflokkun skal varan bera barnheld öryggislok og áþreifanlegar viðvaranir (upphleyptur öryggisþríhyrningur). Öryggislok, áþreifanlegar viðvaranir, hættumerki, hættusetningar, viðvörunarorð og framleiðsludagsetning, reyndust ekki uppfylla kröfur framangreindra laga og reglugerðar varðandi merkingar og umbúðir.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 32. gr. laganna skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem tilbúin eru til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum viðvörunarorðum og hættumerkjum. Framangreindar merkingar skulu vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning vörunnar Saltsýra (33%) gegn framangreindu markmiði efnalaga um að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna né dýra.

Með hliðsjón af framangreindu stöðvar Umhverfisstofnun markaðssetningu vörunnar Saltsýra (33%) tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í því felst að markaðssetning vörunnar verður óheimil þar til bætt hefur verið úr frávikum. Með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu en án endurgjalds. Málning hf. ber jafnframt, þegar í stað, að taka vöruna úr dreifingu, innkalla vöruna frá söluaðilum og úr öllum verslunum og geyma vöruna með öruggum hætti þar til bætt hefur verið úr ágöllum. Umhverfisstofnun veitir Málningu hf. frest til 25.3.2021 til að senda stofnuninni mynd af umbúðum vörunnar þar sem fram koma réttar merkingar, mynd af tappanum (barnheldur endurlokanlegur öryggistappi) og ápreifanlegri viðvörunum í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 og staðalinn EN ISO 8317 ásamt próförk af merkimiða sem er uppfærður með tilliti til reglugerðar nr. 415/2014. Senda skal myndina á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Tímabundin stöðvun markaðssetningar gildir þar til Umhverfisstofnun hefur samþykkt úrbætur á frávikum. Hafi fyrirtækið ekki orðið við kröfum stofnunarinnar um úrbætur þann 25.3.2021 er stofnuninni heimilt að beita frekari þvingunarúrræðum í samræmi við XIII. kafla efnalaga til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 68. gr. efnalaga. Um kærurétt og málsmeðferð fer samkvæmt VII. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Upplýsingar um flokkun og merkingu hættulegra efna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking>). Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur í gegnum netfangið [fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar um málið.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur

Meðfylgjandi er eftirlitsskýrsla dags. 4. mars 2021.